

# Siðareglur

# Grunngildismat

---

- Virðing fyrir einstaklingnum og margbreytileika hans
- Hreinskilni, heiðarleiki, traust og stuðningur hvert við annað
- Heilindi og sterk siðferðisvitund
- Forysta með fordæmi á öllum stigum

Við kappkostum að láta framkomu okkar við alla hlutaðeigendur helgast af ströngustu siðferðiskröfum og heilindum og koma fram sem ábyrgir þegnar fyrirtækis okkar. Traust og öryggi allra hlutaðeigenda, ásamt mannorði okkar, eru meðal þess verðmætasta í eigu samsteypunnar. Auk þess að leggja okkur fram um að vera samkeppnishæf og skila afköstum, munum við ótrauð hafa gildismat okkar að leiðarljósi og ná þannig sjálfbærum árangri.

Þess er krafist af sérhverjum starfsmanni AstraZeneca að hann skuldbindi sig persónulega til að fylgja siðareglum fyrirtækisins, ásamt ítarlegum hegðunarreglum, sem gefnar eru út þeim til stuðnings og gera gildismat okkar, heilindi og ábyrgð gagnvart fyrirtækinu að skyldu.

Við njótum öll þeirra forréttinda að starfa fyrir eitt besta fyrirtæki í heiminum og gætum þess að arfleifð okkar verði varanleg og við getum verið stolt af henni. Ekkert - hvorki þörfin fyrir að ná markmiðum, né hlýða beinum skipunum frá yfirmönnum - ætti nokkurn tíma að koma í veg fyrir skuldbindingu okkar við heiðarleika og heilindi.

**Sir Tom KcKillop**  
Forstjóri (CEO)

AstraZeneca gerir þær kröfur til fyrirtækja sinna og starfsmanna að ströngustu viðmið um heilindi og heiðarleika séu í heiðri höfð og að störfum sé sinnt af tilhlýðilegri fagmennsku, natni, árvekni og sanngirni. Í því skyni er til þess ætlast að öll fyrirtæki AstraZeneca og starfsfólk þeirra fylgi jafnt landslögum allra þeirra landa þar sem starfsemin fer fram, ásamt þeim ströngu siðferðis-kröfum sem AstraZeneca tilgreinir til stuðnings þessari stefnu.

Breytt útgáfa samþykkt af stjórn AstraZeneca í júlí 2003

Það er á ábyrgð stjórnenda að tryggja að siða- og hegðunareglum AstraZeneca sé miðlað, þær séu meðteknar og þeim fylgt. Til þess er ætlast að þeir kynni þær á jákvæðan hátt með persónulegu fordæmi. Þeir hafa ekki rétt á að leyfa neinar undantekningar frá því atferli sem telst æskilegt.

Allir starfsmenn ættu að kynna sér siðareglurnar og fylgja þeim. Misbrestur á fylgni við reglurnar varðar viðeigandi refsingu, bæði starfsmannsins sem framdi brotið og þeirra sem létu það viðgangast.

Hegðunarreglurnar, sem eru settar fram í reglunum, eru almennar og ekki sniðnar að öllum þeim aðstæðum sem starfsmenn kunna að standa frammi fyrir á mörkuðum víðs vegar um heim. Í viðeigandi tilfellum ættu stjórnendur að leita eftir leiðsögn varðandi aðlögun reglnanna að sérstökum aðstæðum. Auk þess standa lagadeild og innra eftirlit samsteypunnar til boða og veita sjálfstæða ráðgjöf í fyllsta trúnaði.

Það er á ábyrgð sérhvers starfsmanns að tilkynna samstundis hvert það brot á siðareglunum sem þeir kunna að verða vitni að. Nánari útskýring á framgangsmáta varðandi málefni, sem snerta heilindi og upplýsingar um viðeigandi tengiliði, er aftast í þessu skjali. AstraZeneca fullvissar þá starfsmenn sem bera slík mál upp að þeir njóti verndar fyrir hvers kyns hefndaráhrifum á vinnu sína í kjölfarið. AstraZeneca hvetur starfsmenn sína á virkan hátt til að tjá sig um slík áhyggjuefni.

## **Fyrirtæki AstraZeneca og starfsmenn þeirra verða að fylgja lögum í þeim löndum sem þeir starfa, ásamt viðeigandi alþjóðlegum og innlendum reglum um atvinnustarfsemi og þeim ströngu siðferðiskröfum sem AstraZeneca kveður á um.**

Það er á ábyrgð allra starfsmanna að tryggja, með því að hlíta ráðum þegar við á, að þeim séu fyllilega ljósar allar viðeigandi reglur, reglugerðir, siðir og siðareglur, sérstaklega þær sem lúta að störfum þeirra.

Starfsmenn ættu að tryggja að fyrirtæki AstraZeneca hlíti samningsbundnum skuldbindingum sínum, innan ramma starfsvettvangs síns, á viðeigandi hátt og í tæka tíð og brjóti ekki gegn samningum.

Viðskiptasiðir fara eftir löndum og atvinnugreinum og sama máli gegnir um hvað flokkast undir óviðeigandi hegðun. Allir starfsmenn skulu fylgja (a) þeim ströngu siðferðiskröfum sem AstraZeneca tilgreinir (b) öllum þeim heildarreglum sem AstraZeneca gefur út og tengjast viðskiptasiðum og (c) öllum alþjóðlegum og innlendum siðareglum sem lúta að viðskiptahegðun á hverjum stað fyrir sig.

Gjafir, skemmtun og persónulegan greiða má aðeins bjóða þriðja aðila ef virði þess er hóflegt og ef það samræmist venjubundnum viðskiptasiðum. Ekki má bjóða gjafir, skemmtun né persónulegan greiða sem brýtur gegn gildandi lögum eða siðareglum.

Enginn starfsmaður ætti að leita eftir eða þiggja gjöf, skemmtun eða persónulegan greiða sem með réttu mætti álykta að gæti haft áhrif á viðskipti. Boð um skemmtun ætti ekki að þiggja nema boðið sé innan marka viðurkenndrar viðskiptagestrisni. Gjafir, sem falla ekki undir ofangreinda viðmiðun, ætti að tilkynna stjórnendum sem skulu ákveða hvernig á að bregðast við þeim.

Sjóði AstraZeneca skal ekki nota til greiðslu, beinnar eða óbeinnar, til opinberra starfsmanna stjórnvalda, fólks sem tekur þátt í starfsemi stjórnvalda, starfsmanna ríkisstofnana eða fulltrúa stjórnmalaflokka, í ólöglegum eða óviðeigandi tilgangi.

**Koma skal fram við allt starfsfólk af sömu virðingu og sæmd og skulu allir njóta jafnra tækifæra til þess að þroskast og ná frama í starfi.**

AstraZeneca leitast við að ná fram fjölbreytni á öllum stigum fyrirtækisins og metur mikils sérstöðuna, margbreytileikann og sköpunarhæfnina sem sérhver starfsmaður leggur til starfs síns - og styður samfellda þróun hæfileika hans og færni.

Mat á fólki varðandi ráðningu til starfa, þróun eða stöðuhækkun, á eingöngu að byggjast á hæfileikum eða getu viðkomandi í tengslum við þarfir starfsins og einungis á að taka tillit til málefna sem tengjast frammistöðu í því starfi. Á heildina litið eiga árangur og stöðuhækkun hjá AstraZeneca eingöngu að fara eftir persónulegri hæfni, atferli og frammistöðu í starfi.

Í sumum löndum þarf að breyta þessum reglum í samræmi við innlend lagaákvæði til þess að þær öðlist samþykki.

**Persónuleg áreitni á borð við munnlegar svívirðingar eða kynferðislega áreitni gagnvart starfsmanni AstraZeneca, birgjum eða viðskiptavinum, er að öllu leyti óásættanleg.**

Hver sá einstaklingur sem telur sig hafa orðið fyrir áreitni skal tilkynna atvikið og kringumstæðurnar til næsta yfirmanns eða starfsmannastjóra eða annars yfirmanns sem mun sjá til þess að það verði rannsakað af hlutlægni og í trúnaði.

AstraZeneca styður heilshugar reglurnar sem Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna kveður á um. Meðal þeirra er frelsi undan kvalræði og geðþóttahandtökum, rétturinn á sanngjörnum réttarhöldum og jafnrétti fyrir lögum.

**Öll pólítísk framlög af hendi AstraZeneca verða að vera lögum samkvæmt og viðurkennd samkvæmt starfsháttum sem stjórnin hefur lagt fyrir eða ráðamenn viðkomandi fyrirtækis.**

Ekki skal veita leyfi fyrir nokkrum pólítískum framlögum frá fyrirtækjum AstraZeneca sem vegna umfangs eða tengsla gætu talist óhófleg eða óviðeigandi. Bókhaldshættir AstraZeneca krefjast þess að öll pólítísk framlög séu tilkynnt til höfuðstöðva AstraZeneca sem hluti af árlegri afkomu samstæðunnar.

## **Starfsmenn á vegum AstraZeneca skulu breyta í þágu bestu hagsmuna AstraZeneca og skulu forðast hvers kyns persónulegar ívínanir eða forréttindi.**

Starfsmenn skulu forðast að koma sér í þá stöðu að persónulegir hagsmunir þeirra, fjölskyldu þeirra eða fjárhagslegir hagsmunir geti rekist á hagsmuni AstraZeneca. Hvar sem hugsanlegir hagsmunaárekstrar kunna að verða, skal starfsmaðurinn tilkynna um hagsmunina og leita sér ráðgjafar hjá yfirmanni sínum.

Dæmi um árkstra sem tilkynna skal og leysa eru meðal annars:

- að eiga fjölskylduhagsmuna að gæta í viðskiptum við AstraZeneca eða eitthvert dótturfyrirtækja þess eða einhverja birgja eða viðskiptavini;
- að ráða fjölskylduaðila í einhverja stöðu;
- að eiga hagsmuna að gæta, beinna eða í tengslum við fjölskyldu, hjá samkeppnisaðila, birgi eða viðskiptavini fyrirtækisins;
- að eiga hagsmuna að gæta, beinna eða í tengslum við fjölskyldu, við fyrirtæki sem hefur, eða hyggst eiga í viðskiptum við fyrirtækið;
- að öðlast hagsmuni í eign (t.d. fasteign, einkaleyfi, eða verðbréfum) þar sem fyrirtækið á, eða gæti átt, hagsmuna að gæta.

Þessi dæmi ná ekki til eðlilegra og viðurkenndra fjárfestinga í fyrirtækjum á hlutabréfamarkaði.

**Starfsfólk skal ekki nota trúnaðarupplýsingar, sem það hefur fengið í starfi sínu, í persónulegu gróðaskyni.**

Það er stefna AstraZeneca og í vissum löndum lagaleg krafa þar sem brot er refsivert, að starfsfólk, sem býr yfir „verðnæmum“ (í tengslum við verðbréf) trúnaðarupplýsingum, nýti sér ekki slíkar upplýsingar til viðskipta í tengslum við verðbréf AstraZeneca eða veiti þriðja aðila slíkar upplýsingar í þeim tilgangi. Sömu atriði eiga við í tengslum við „verðnæmar“ trúnaðarupplýsingar sem tengjast öðrum fyrirtækjum og viðskipti með verðbréf þeirra.

## **Fjármuni AstraZeneca skal varðveita á öruggan hátt og nota eingöngu til viðeigandi framdráttar viðskiptastarfseminni og ekki í eiginhagsmunaskyni.**

Einstaklingar, sem verja fjármunum AstraZeneca, skulu gera sér grein fyrir að þeir eru skuldbundnir hluthöfum AstraZeneca sem eru æðstu eigendur AstraZeneca. Skuldbindingar og útgjöld skulu aðeins vera með þeim hætti að unnt sé að réttlæta þau fyrir hluthöfum ef staðreyndir liggja fyrir. Þetta felur í sér allar greiðslur og kaup sem gerð eru í því skyni að fá endurgreiðslu fyrir.

Fjármunir AstraZeneca fela ekki aðeins í sér óþreifanlegar eignir á borð við efni, tæki og reiðufé, heldur

einnig óþreifanlegar eignir á borð við upplýsingakerfi, viðskiptaleyndarmál og trúnaðarupplýsingar. Starfsmenn skulu skoða alþjóðlegar og innlendar leiðbeiningar varðandi flokkun og meðhöndlun skjala og rafrænna gagna. Varðveisla persónulegra gagna í rafrænum miðli kann að vera stjórnað af lögum sem viðeigandi starfsmenn ættu að kynna sér og fara eftir.

Upplýsingar sem verða til innan AstraZeneca, að meðtöldum rannsóknar-, þróunar- og framleiðslugögnum varðandi kostnað, verð, sölu, gróða, markaði, viðskiptavini og viðskiptaaðferðir, eru eign AstraZeneca og skal ekki, nema þess sé óskað lögum samkvæmt, gera opinber utan AstraZeneca án tilskilinnar heimildar.

**Þess er krafist af starfsmönnum AstraZeneca að þeir kynni sér og fari í hvívetna eftir stefnumiðum AstraZeneca ásamt fyrirmælum millistjórnenda og varamanna sem stjórnin tilnefnir hverju sinni. Þau er að finna á síðum innravefs fyrirtækisins.**

Frelsið, sem einstaklingar hafa til að sinna starfi sínu, verður að taka mið af bókstaf og anda stefnumiða og starfshátta AstraZeneca, millistjórnenda og varamanna. Það miðast við að veita fólki vald til að framfylgja ábyrgð sinni innan nauðsynlegs ramma fyrirtækjastjórnar og lagalegrar ábyrgðar en er ekki það umfangsmikið að það gefi viðeigandi fyrirmæli um aðgerðir við allar kringumstæður.

**AstraZeneca PLC og öll fyrirtæki AstraZeneca og starfsmenn skulu gera viðeigandi greinargerðir og aðrar skrár, sem gefa sanna og sanngjarna mynd af fjárhagsstöðunni, árangri aðgerða, viðskipta-eignum og skuldum til þess að gera fyrirtækinu kleift að gera ítarlegar, sanngjarnar, nákvæmar, tímanlegar og skiljanlegar greinargerðir í öllum þeim skýrslum sem krafist er að það gefi út, vista skjöl eða eða leggja fyrir hluthafa og eftirlitsaðila og í öllum öðrum samskiptum sem það gefur út.**

Öllum greinargerðum og öðrum skjölum verður viðhaldið á þann veg sem lýsir og skráir nákvæmlega sanna fjárhagsstöðu fyrirtækisins og árangur

aðgerða og rétt eðli viðskiptaaðgerða, eignir og skuldir. Bókhaldsskrár skulu varðveittar samkvæmt stefnumiðum AstraZeneca, viðeigandi bókhaldsviðmiðum og viðeigandi almennt viðurkenndum bókhaldsreglugerðum.

Starfsmenn skulu tryggja að allar skýrslur, sem gefnar eru út, í skjalasafni, eða sem lagðar eru fyrir hluthafa og eftirlitsaðila og öll önnur samskipti sem eru gefin út af fyrirtækinu, séu ítarleg, sanngjörn, nákvæm, tímanleg og skiljanleg; þau skuli ekki villa um fyrir lesandanum á nokkurn hátt né sleppa nokkru nauðsynlegu til þess að þau geti talist ítarleg, réttlát og nákvæm. Framkvæmdastjóri og yfirfjármálastjóri fyrirtækisins bera sérstaka ábyrgð hvað þetta varðar.

# Framgangsmáti varðandi málefni sem snerta heilindi

Fyrirtækið býður þér áfangaskipta leið til að fá svör við spurningum þínum um málefni er varða heilindi og hvernig vekja má máls á hugsanlegum brotum á þeim.

## 1. Staðbundin/innan fyrirtækis þíns

- Hafðu samband við næsta yfirmann þinn
- Hafðu samband við annan yfirmann innan fyrirtækis þíns
- Fylgdu vinnustaðareglum þínum um hvernig vekja skuli máls á áhyggju-efnum (hafðu samband við starfsmannastjórann til að fá nánari upplýsingar)

Ef leið 1 á ekki við, eða ef fullnægjandi svar fæst ekki:

## 2. Hringdu í trúnaðarhjálparlínuna fyrir siðareglur +1 888 244-1769

Að lokum, ef engin þessara leiða veitir fullnægjandi niðurstöðu:

## 3. Hafðu samband við ritara og lögfræðing samsteypunnar, Graeme Musker

+44 (0) 20 7304 5103  
graeme.musker@astrazeneca.com

## Eða yfirmann innra eftirlits

James Paterson  
+44(0) 1625 513041  
james.paterson@astrazeneca.com

